



# Fundargerð

## Aðalfundur Þyts 2023

Aðalfundur Siglingaklúbbsnum Þyt, kt. 680978-0189, Strandgötu 88, 220 Hafnarfirði, haldinn í húsnæði Þyts þann 11. Febrúar 2024.

Til fundarins var boðað með tilkynningu sem birt var á vefsetri félagsins þann 28. janúar 2024, auk þess sem frétt um aðalfundinn var dreift á facebook hópum félagsmanna.

Mættir úr stjórn eru: Daniel Pétursson, Markús Pétursson. Helga Veronica Foldar, Rán Pétursdóttir. 20 félagsmenn sitja fundinn.

Markús býður hópinn velkominn á fundinn. Samþykkt að Jón Kristinn Þórsson sem fundarstjóra og Daniel Pétursson sem Fundarritara. Jón Kristinn Þórsson setur fram dagskrá fundar

### 4.7.1. Setning fundar.

Frambjóðendur eru: Formaður: Markús Elvar Pétursson

Meðstjórnendur: Helga Veronica Foldar Freydis Björnsdóttir

Varamenn: Gabríel Arthúr Pétursson Þórhallur Sigurðsson

Skoðunarmenn reikninga: Petrína Soffía Eldjárn Hulda Stefanía Hólm

Vara skoðunarmenn reikninga: Bjarki Þór Jónsson Engar athugasemdir við tillögu til aðalstjórnar

### 4.7.2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Fundarstjóri: Jón Kristinn Þórsson

Fundarritari: Daniel Pétursson

Samþykkt einróma

### 4.7.3. Skýrsla stjórnar.

Markús setur fram skýrslu stjórnar fyrir 2023. Inngangur Aðalfundur Siglingaklúbbsins Þyts var haldinn sunnudaginn 5. febrúar 2023. Markús Elvar Pétursson gaf kost á sér til formanns. Ekkert mótframboð kom fram. Tvö sæti meðstjórnenda voru laus að þessu sinni. Rán Pétursdóttir og Þóra Z. Þórðardóttir voru kjörin til tveggja ára. Varamenn voru kjörnir Pétur Már Jónsson og Ágústa Valdís Sverrisdóttir. Jökull Már Pétursson og Petrínu Soffíu Eldjárn gáfu kost á sér sem skoðunarmenn reikninga. Bjarki Þór Jónsson var kjörin til vara. Stjórn félagsins var því eftirfarandi eftir að hún hafði skipt með sér verkum: Formaður Markús Elvar Pétursson til eins árs 2023 Varaformaður Daniel Pétursson Til tveggja ára 2022 og 2023 Gjaldkeri Helga Veronica Foldar til tveggja ára 2022 og 2023 Ritari Rán Pétursdóttir til tveggja ára 2023 og 2024 Meðstjórnandi Þóra Z. Þórðardóttir til tveggja ára 2023 og 2024 Varamaður Pétur Már Jónsson til eins árs 2023 Varamaður Ágústa Valdís Sverrisdóttir til eins árs 2023 Til að ná betri tengingu til félagsmanna höfðu formenn deilda, seturétt, málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum. Gafst það fyrirkomulag mjög vel og mælir fráfarandi stjórn með því að það fyrirkomulag verði viðhaft áfram. Formennirnir deilda voru eftirtaldir: Formaður kjölbáta deildar Ekki tókst að manna þá stöðu Formaður kænudeildar Ekki tókst að manna þá stöðu Formaður kayak deildar var Jón Kristinn Þórsson Árið fór rólega af stað. Kuldi í janúar og febrúar gerði það að verkum að ekkert var hægt að sigla í byrjun árs. Kayak Starfið var stöðugt og var róíð á sunnudögum. Kænusiglingar hjá æfinga hópnum fór á fullt í byrjun mars en fram að því voru land æfingar á þriðjudögum, föstudögum og laugardögum. Þytur átti tvo keppendur á Optimist á smáþjóðaleikunum sem fram fóru á Möltu í lok maí.



## Fundargerð

### Aðalfundur Þyts 2023

Undirbúningurinn fyrir smáþjóðaleikana litaði kænustarfið í upphafi árs. Kjölbáta Siglingar hófust strax þegar kuldinn í febrúar gaf eftir og var Skegla í stöðugri notkun auk Lufu sem Þytur hafði leyfi til að nota í klúbbstarfi. Grunnskólarnir í Hafnarfirði byrjuðu að koma í heimsókn eftir páska. Heimsóknir 6. bekkinga hófust í byrjun maí og tókum við á móti 21 bekk þetta árið. Framkvæmdin gekk mjög vel. Sigurður Guðmundsson og Kerfi ehf studdi við starfið og lánaði okkur að vanda kakó vél og gaf kakó fyrir krakkana í lok heimsóknarinnar. Þykir kakóið frá Sigga toppur á góðri heimsókn og eru krakkarnir að spyrja um kakóið á opnum húsum langt fram eftir sumri. Samhliða heimsóknum 6. bekkinga var fyrsta opna húsið á sumardaginn fyrsta og héldu þau svo áfram á fimmtudögum og laugardögum og var strax góð mæting hjá krökkunum sem komu í 6. bekkjar heimsóknina og systkinum þeirra. Þytur bauð upp á opið hús alveg fram í október og var mjög góð aðsókn. Til að starfið í kringum opna húsið geti dafnað enn frekar þarf að bæta skipulagið og þarf það að vera forgangsmál nýrrar stjórnar. Einnig þarf að skoða leiðir til að þau ungmenni sem mæta á opið hús hjá Þyt teljist til iðkenda samkvæmt skilgreiningum ÍBH og ÍTH. Stjórn Þyts vill þakka öllum sem koma að framkvæmd opinna húsa á árinu fyrir sitt frábæra starf en sérstaklega vill stjórn þakka Gabríel Pétursyni og Jóhanni Berhelsen. Það virðist alltaf koma hafnfirðingum jafn mikið á óvart hversu mikið starf er í boði hjá Þyt og hversu auðvelt það er að komast út á sjó og njóta þessa útivistarsvæðis sem Hafnarfjörður er. Þarf ný stjórn að vanda vel til verka við að búa til kynningarefni til að kynna siglingaklúbbinn fyrir bæjarbúum. Nú stendur félagið mjög vel. Áætlanir um endurnýjun bátaflotans hafa gengið eftir síðustu ár. Þytur hefur nú endurnýjað bátaflotann fyrir um 17 milljónir króna. Í ár eignaðist félagið nýjan ILCA6. Kjölbátastarfið Á starfsárinu hefur Þytur haft þrjá kjölbáta í notkun. Þarna hefur verið vel nýtt en einnig hefur félagið haft aðgang að kjölbátum Lufu og Esju. Skegla hefur staðið allt of lengi inni og vantar herslumuninn til að klára kjölinn á þeim Secret bát. Þytur hélt að venju Opnunarmót kjölbáta 20 maí. Þrír bátar voru skráðir til keppni. Þótti mótshaldið takast vel. Það var góður hópur Þyts félaga sem kom að undirbúningi og framkvæmd mótsins sem haldið var með öðru sniði en tíðkast hefur. Sett var upp braut út í Hraunavík og sigldar þrjár umferðir. Þytur hélt Íslandsmót Kjölbáta að þessu sinni. Mótið fór fram dagana 17. til 19. ágúst. Sjö bátar tóku þátt og gekk framkvæmd mótsins vel. Keppt var út í Hraunavík. Það var ánægjulegt að sjá hversu margir Þyts félagar komu að mótshaldinu til að læra hvernig siglingakeppni fer fram. Félagsmenn voru duglegir að sigla bátum sínum í sumar. Yahoo hefur verið á siglingu suður með evrópu og eru Kristján og Elín núna stödd við Kanaríeyjar. Friðrik á Xenu er einnig á siglingu suður með evrópu. Árni og Óli sigldu hringinn í kringum Ísland í sumar á Svea María. Haukur og félgar sigldu Jamma vestur á Bolungarvík og er Jamma þar ennþá. Bragi og félgar sigldu Cuba Libra í haust til Stornoway. Markús og Jói Bert sigldu Sæúlfinum til Skotlands og aftur til baka í haust. Gylfi var duglegur að sigla Ósk um Hafnarfjörðinn í sumar. Benedikt og fjölskylda sigldi Erninum vestur í sumar og fóru í styttri ferðir út á Faxaflóann. Bjarni lagði af stað til Færeyja en endaði í Vestmannaeyjum. Bjarki og Þóra sigldu sínum bát frá Alicante til Ibiza og til baka aftur í sumar og var Þóra í áhöfn hjá þeim líka. Svo má ekki gleyma Áslaugu og Hafgufunni. Þó svo Áslaug sé ekki farin að sigla á seglum ennþá þá er hún búin að vinna marga stóra sigra á árinu. Það að kaupa bát, flytja hann til landsins, gera hann kláran og koma honum í sjóinn er ekkert lítið mál. Hjá Þyt dvöldu 11 gestaskútur á árinu í lengri eða skemmri tíma. Gestaskúturnefnd sinnti upplýsingagjöf, móttöku og þjónustu við skúturnar samkvæmt samningi sem Þytur hefur gert við Hafnarfjarðarhöfn. Mikil ánægja er með aðstöðuna og móttöku Þyts. Starf Kayak og Róðrardeildar Kayak Starfið hjá Þyt er komið til að vera og undir stjórn Jóns Kristins og góðs kjarna af ræðurum sem hafa skipst á að halda úti samróðrinum. Reglulega, í tengslum við samróðurinn, hafa verið teknar æfingar í öryggisatriðum. Kayak Deildin hefur tekið Sundhöllina á leigu til að æfa einmennings veltuna. Gott samstarf hefur verið við Kayakklúbbinn



## Fundargerð

### Aðalfundur Pyts 2023

Í Reykjavík og mikill samgangur á milli félaganna. Það hefur verið góð nýting á sjókeyökum Pyts á árinu. Margir nýir iðkendur hafa komið í félagið í gegnum kayak og róðrastarfið. SUP eða á íslensku standbretti er sport sem hefur náð vinsældum erlendis og er keppt í þessu víða í dag. Við erum þó á byrjunarreit hér á Íslandi. María Sif Guðmundsdóttir sá um samróður á SUP og er að myndast kjarni hjá Pyt sem stundar SUP róður reglulega. SUP hópurinn fór í nokkrar ferðir í sumar út fyrir aðstöðu Pyts. Ferðir voru farnar á Þingvallavatn, Kleifarvatn sem dæmi. Pytur er með tvö bretti í láni frá Guðmundi Fylkissyni en Pytur keypti tvö bretti til viðbótar. SUP brettin voru vinsæl á opnum húsunum hjá Pyt. Fráfarandi stjórn hvetur nýja stjórn til að sinna uppbyggingu á SUP starfi og vinna að því að SUP róður verði keppnisgrein á Íslandi undir merkjum SÍL. Það er alveg ljóst að vegna fjölgunar iðkenda þarf Pytur að tryggja fjármuni til að halda úti starfi íþróttastjóra. Pytur hefur tækifæri á að hefja barnastarf sem tengist róðri og hvetur fráfarandi stjórn næstu stjórn til að vinna í því í samstarfi við aðra klúbba á landinu. Pytur er nú með tvo gáma fyrir utan girðingu og eru þessir gámar báðir fullir af bátum Pyts og bátum félagsmanna sem stunda róður hjá Pyt. Gámarnir tveir sem eru inni í girðingu eru að mestu leyti notaðir undir geymslu á keyökum Pyts. Það verkefni bíður því næstu stjórnar að nýta það geymslupláss betur og leita leiða til að auka það geymslupláss sem Pytur hefur til ráðstöfunar því það er ljóst að stærsti straumur nýrra félaga liggur í gegnum kayaksporið og þaðan yfir í skútu siglingarnar. Það var glæsilegt kvennalið frá Pyt sem tók þátt í róðrakeppninni á sjómanna daginn og varð í fyrsta sæti annað árið í röð. Kænustarfið Á árinu hafa um 15 ungmenni stundað kænu æfingar hjá Pyt á árinu. Það er fækkun frá því í fyrra svo við getum gert betur. En með öllum þessum ungmönnum koma flottir foreldrar að starfinu. En við getum gert betur. Markmiðið er að hjá Pyt verði milli 50 og 75 ungmenni í skipulögðu starfi. Til þess að það markmið náist þarf að bæta kænukost félagsins og fjölga þjálfurum. Pytur hélt úti öflugum vetrarstarfi í upphafi árs og var siglt á laugardögum þegar færi gafst. Ýmislegt var brallað þess á milli til að rækta félagsandann og fræðast um siglingar tengda hluti. Um miðjan mars hófust svo siglingar á virkum dögum. Pytur tók að sér að halda Opnunarmót kæna 10. júní. Það mættu 15 keppendur til leiks á 14 bátum. Þar af voru 10 keppendur frá Pyt. Í Optimist flokki átti Pytur fjóra keppendur. Í fyrsta sæti varð Veronica Sif úr Pyt, í öðru sæti varð Saga Sól einnig úr Pyt og í þriðja sæti varð Heimir Halldórsson úr Brokey. Í ILCA6 flokki var það Hólmfríður úr Brokey sem varð í fyrsta sæti, Hrafnkell í öðru sæti og Jóhannes úr Pyt í þriðja sæti. Gabriel Pétursson og Tómas úr Pyt keptu saman á Wafarer í opnum flokki og urðu í öðru sæti. Aðalsteinn Loftsson úr Ými varð í fyrsta sæti. Nökkvi hélt miðsumarmótið 30. júní í tengslum við æfingabúðir SÍL. Pytur átti þrjá keppendur á Optimist. Veronica Sif Ellertsdóttir varð í fyrsta sæti, Saga Sól Pyykkönen varð í þriðja sæti og Haraldur Wilhelm Þórisson í áttunda sæti. Pytur átti þrjá keppendur á ILCA6. Kjartan Christiansson varð í þriðja sæti, Tóbý Sól Hermansdóttir varð í fimmta sæti og Gabríel Arthúr Pétursson varð í sjötta sæti. Brokey hélt Íslandsmót kæna 2023. Mótið tóks með ágætum. Pytur mætti með fimm keppendur til leiks. Veronica Sif Ellertsdóttir varð í fyrsta sæti á Optimist og vann mótið með yfirburðum. Saga Sól Pyykkönen varð í þriðja sæti á Optimist. Á ILCA6 keppti Marek Ari Baeumer og varð í fjórða sæti, Gabríel Arthúr Pétursson varð í sjöunda sæti og Tóbý Sól Hermansdóttir varð í níunda sæti. Lokamótið eða Akureyrarmótið fór svo fram hjá Nökva 26. ágúst. Þar mætti Pytur með fjóra keppendur. Veronica Sif Ellertsdóttir sýndi yfirburði sína enn einu sinni á Optimist og sigraði mótið og þar með öll mót sumarsins á Optimist. Saga Sól Pyykkönen hélt sýnu striki og náði þriðja sætinu. Vonandi heldur Saga Sól áfram að bæta sig en hún á tvö ár eftir á Optimist. Á ILCA6 varð Marek Ari Baemer í fjórða sæti og Tóbý Sól Hermansdóttir í sjötta sæti. Æfingabúðir í Króatíu Siglingasamband Íslands fékk boð frá Finnum um það að senda Optimist krakka með þeim í æfingabúðir 17-27 febrúar 2023. Ákveðið var að senda tvo Optimist siglara frá Pyt og voru það þau



## Fundargerð

### Aðalfundur Pyts 2023

Kjartan Christiansson og Veronica Sif Ellertsdóttir sem urðu fyrir valinu. Eins og áður kom fram þá var ferðin í 10 daga og flogið var frá Íslandi til Amsterdam og þaðan yfir til Feneyja þar sem keyrt var niður til Pula. Þar lentum við seint um kvöld og hittum við Finnana daginn eftir þar sem að fluginu þeirra seinkaði það mikið að þau komu um miðja nótt. Siglt var í 8 daga og var siglt í 6-8 tíma á dag. Þjálfarar ferðarinnar voru þau Santiago og Suvi sem eru þjálfarar í Finnlandi. Okkar Krakkar stóðu sig ótrúlega vel og sögðu báðir þjálfarar að væntingar þeirra til krakkanna hefðu verið ákveðið (enda höfðu þau séð þau sigla á Norðurlandamótinu í Finnlandi 2022) en þau hefðu farið svo langt yfir væntingar að þau áttu engin orð, þau hrósuðu og hvöttu þau áfram eins og enginn væri morgundagurinn. Okkar krakkar fengu í nokkur skipti einkatíma úti á sjó til að skerpa á nokkrum atriðum. Í lok hvers dags var farið í siglinga keppnir á milli landa og okkar börn stóðu sig með þryði en voru þar td. lið frá Króatíu, Ítalíu og Slóveníu. Í Króatíu tóku þau meðal annars þátt í minningarmóti ásamt Finnunum og tókst það sjúklega vel. Síðasta daginn var keyrt aftur til Feneyja þar sem allir gistu eina nótt fyrir flugið heim og var flogið frá Feneyjum til London og þaðan til Íslands. Ferðin heppnaðist í alla staði mjög vel. Smáþjóðaleikar Frá Þyt á Smáþjóðaleikana á Möltu fóru þau Veronica Sif Ellertsdóttir og Kjartan Christiansson ásamt Markúsi Péturssyni sem fór sem fararstjóri Íslenska siglinga hópsins. Veronica og Kjartan kepptu á Optmist. Leikarnir fóru fram í lok maí. Þetta var mikil reynsla í reynslubankan hjá öllum sem komu að. Veronica og Kjartan voru til fyrirmyndar og lögðu sig mikið fram og tóku framförum með hverri keppni. Segja má að stóri lærdómurinn af þessari keppnisferð hafi verið sá að íslensku keppendurnir hefðu þurft lengri tíma til að venjast aðstæðum. Hitinn og sólin var íslendingunum erfiður og þessi stóra alda miða við vind reyndi á tækni þar sem heimamenn höfðu yfirburði. Mótél Skútusiglingar Mótél siglingar voru stundaðar af kappi frá skútu bryggjunni í sumar. Bar þar mest á DF65 bátum. Árni Sæmudsson var nánast daglega með sína skútu en einnig sást Rúnar Steinsen ásamt fleirum. Mótél Siglingar er flott viðbót í það siglingastarf sem fram fer hjá Þyt. Fjárfesti Þytur í baujum og steinum svo hægt væri að leggja keppnisbrautir. Öryggisbátastarfið Sama snið var í ár og í fyrra á öryggisbátþjálfuninni. Þjálfað var eftir fyrirmynd Advanced Powerboat og Safety Boat bókunum frá RYA. Það er samt nauðsynlegt að gera breytingar til að þjálfunin verið markvissari. Til dæmis að halda dags námskeið í grunnatriðunum og æfa þau vel. Þannig væri hægt að fara dýpra í efnið á föstu æfingunum á miðvikudögum og hafa verkefnin viðameiri. Það er mjög mikilvægt að vel sé staðið að þjálfun og kennslu á öryggisbáta félagsins. Það er vandasamt verk og því fylgir óendanlega mikil ábyrgð að stjórna svona öflugum tækjum eins og öryggisbátar Þyts eru innan um fólk í sjónum. Það er alveg ljóst að einstaklingur sem æfir sig reglulega er betur undirbúinn. Það er alls ekki nóg að fara á stutt námskeið til að verða hæfur til að stjórna öryggisbát innan um fólk í sjónum. Það að innan félagsins sé stór vel þjálfaður hópur einstaklinga á öryggis bátana, er mikilvægt til að styðja við allt annað starf sem fram fer hjá Þyt. Viðhaldsverkefni og nýsmíði Það var vaskur hópur fólks sem mætti á vinnukvöld á vormánuðum og máluðu þau salinn og forstofuna. Bærinn úthlutaði Þyt sex milljónum í viðhalds verkefni á árinu. Magnús Ómar Pálsson og hans menn settu upp led lýsingu í salinn niðri, segla-loftið, eldhúsið og geymsluna uppi. Þetta mun lækka rafmagnsreikninginn hjá Þyt. Lýsingin á segla-loftinu er mjög skemmtileg og gefur aukna möguleika þegar salurinn er leigður út til veisluhalds. Fengnir voru verktakar til að laga girðinguna í kringum portið og rétta hliðin. Sjöttu bekkja heimboðið og sumarnámskeiðin Þytur bauð að venju sjöttu bekkjum í Hafnarfirði í heimsókn og þáðu allir 6. bekkir boðið eða 21 bekkur. Til marks um stöðu þessa viðburðar í vordagskrá sjöttu bekkja tók skráning ekki nema þrjá daga. Rán Pétursdóttir sá um samskipti við skóla og kennara. Markús Pétursson ásamt góðum hóp félagsmanna sá um framkvæmdina. Þetta mæltist að venju mjög vel fyrir og skilar félaginu klárlega iðkendum og betri aðsókn í sumarnámskeiðin. Þetta hjálpar til að starta opnu húsunum á



# Fundargerð

## Aðalfundur Pyts 2023

fimmtudögum og laugardögum með meiri krafti því krakkarnir voru dugleg að mæta í framhaldinu af heimsókninni. Þetta er mikil vinna sem fram fer á dagvinnutíma og því ekki auðvelt að finna félagsmenn sem geta sinnt þessu. Starf með ungmennum með sérþarfir Síðustu tvo vetur hefur Pytur í samstarfi við sérdeildir Setbergsskóla og Hraunvallaskóla og Klettinn verið með starf fyrir ungmenni með sérþarfir. Þetta er starf sem hefur tekist mjög vel og eru allir aðilar sem koma að því mjög ánægðir með árangurinn. Starfið með þessum ungmennum er mjög fjölbreytt og sniðið að þörfum hvers og eins. Pytur býður upp á allt frá upplifun að komast út á sjó á öryggis bátum félagsins upp í að kenna keppnis siglingar á kænnum. Til að koma til móts við þessa einstaklinga hafa verið æfingar á sunnudögum sérstaklega ætlaðar þessum hóp iðkenda. Því miður féll þetta starf niður í haust þar sem ekki var mannskapur til að sinna því. Það er von stjórnar að það takist að endurvekja þetta starf því það gaf þessum hóp mikið að fá að komast í snertingu við sjóinn. Sumarnámskeiðin Góð aðsókn var að sumarnámskeiðum Pyts og voru öll námskeið full. Þátttakendur á námskeiðunum höfðu gaman af og tókst framkvæmd námskeiðanna einkar vel í ár. Námskeiðin skiluðu þó ekki nógu mörgum í æfingahóp Pyts og eru umræður um að breyta fyrirkomulaginu til að auka líkur á að fleiri skili sér í æfingahóp. Námskeiðin voru haldin í samvinnu við Vinnuskólann að þessu sinni og gekk það samstarf vel. Það reyndist þó erfitt að finna flokksstjóra og starfsmenn 18 ára og eldri til að manna öryggisbáta og til að bregðast við því voru námskeiðin minnkuð þannig að í stað þess að taka á móti 26 krökkum á hvert námskeið var aðeins tekið á móti 13. Aðstöðumál Eins og flestir vita þá gerir nýtt rammaskipulag fyrir Flensborgarhöfn ráð fyrir því að aðstaða Pyts verði flutt á nýja lóð sem stendur til að búin verði til fyrir félagið á Drafnargarðinum. Nú er komið aðalskipulag en deiliskipulagsvinna fyrir lóð Pyts er ekki komin af stað. Aðstöðunefnd Pyts hefur ekki fundað á árinu en Markús Pétursson, Árni Áskelsson og Ólafur Ágúst Axelsson hafa mætt á fundi vegna Hamars Hafnarinnar og deiliskipulagsvinnu á henni. Undirbúningur Pyts er kominn vel á veg fyrir mögulega aðstöðu á drafnargarðinum en nýjustu vendingar í málinu eru að mögulega verður Pytur áfram þar sem hann er núna og þarf aðstöðunefnd nú að hittast til að fara yfir hvaða breytingar mögulegt er að gera til að Strandgata 88 verði framtíðarstaðsetning Pyts og að Pytur geti dafnað og þrífist betur á þeim stað í nýju umhverfi. Félagssfundum hefur verið lofað til að kynna vinnuna sem unnin hefur verið fyrir félagsmönnum en málið er ekki komið á það stig að það sé eitthvað að sýna. Lokaorð Fráfarandi stjórn vill þakka félagsmönnum fyrir samvinnuna og framlag þeirra við að drífa starfið áfram. Það hefur verið mjög ánægjulegt hvað félagsmenn hafa tekið vel í það þegar þeir hafa verið beðnir um að taka að sér verkefni fyrir félagið. Ég vill að lokum þakka Þórði Helgasyni fyrir sitt starf fyrir klúbbinn en hann gaf ekki kost á sér eitt árið enn sem skoðunarmaður reikninga. Jökull Mar Pétursson hefur einnig ákveðið að stíga til hliðar sem skoðunarmaður reikninga og vill stjórn þakka honum gott starf. Einnig langar mig að þakka þeim stjórnarmönnum sem nú stíga til hliðar fyrir gott samstarf. Daniel Pétursson hefur starfað í tvö ár í stjórn. Seinna tímabilið sem varaformaður, Ágústa Valdís Sverrisdóttir og Pétur Már Jónasson störfuðu sem varamenn. Það var sérstaklega ánægjulegt að sjá Pétur og Berglindi Rún Traustadóttur sem var varamaður í fyrra starfa í stjórn félagsins. Þetta eru ungmenni sem æfðu siglingar hjá þyt 2015 til 2018. Það er von mín að þessi ungmenni og fleiri komi meira að stjórn félagsins því þau eru framtíðin.

#### 4.7.4. Reikningar lagðir fram áritaðir af skoðunarmönnum.

Helga setur fram reikninga Pyts fyrir árið 2023. Hægt er að nálgast reikning þyts á vefsíðu klúbbsins.

- Launaliður lækkaði vegna þess að 2022 þurfti Pytur að leggja út fyrir starfskrafti fyrir sumar námskeiðin 2022.



# Fundargerð

## Aðalfundur Þyts 2023

- Vörusala skýrist af því að vörur voru keyptar siglinga úr til þess að áframselja félagsmönnum. Lögfræði kostnaður enginn þar sem ekkert erindi þurfti lögfræðing.
- Þytur greiddi æfingaferð til Króatíu ásamt SÍL.
- Skuld sem félagsmaður átti var greiddur með myndefnum.
- Kortþjónusta er vegna þess að sportabler setur fram skilyrði að Þytur sé með samning við kortþjónustu.
- Lánadrottar skiljast út frá að korta reikningur fór yfir á nýtt ár og því stendur á ársreikning Þyts en er greiddur í Janúar.

### 4.7.5. Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga.

Spurt er út í sjóð barna, Sjóðurinn er áætlaður fyrir æfingabúðir fyrir börn sem voru að þrifa. Ákveðið var að geyma sjóð.

### 4.7.6. Samþykkt skýrslu stjórnar og reikninga.

Skýrsla og reikningar árið 2023 samþykktar.

### 4.7.7. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Lagt var fram fyrir á síðasta aðalfundi um að einhverjir hafi ekki verið að borgað félagsgjöld. Helga ætlaði að koma kröfu á aðila, en gekk ekki vegna tæknilegra örðuleika. Helga leggur fram fjárhagsáætlun fyrir 2024 sem er svipuð og í fyrra. Gjöld eru alltaf svipuð nema vegna hækkana hjá verktökum. Skil á fjárhagsáætlun er 15 september haft getur verið samband við utankomandi þjálfara sem getur breytt tölum á áætlun. Markús er í samningarviðræðum við þá þjálfara. Þau eru Sviss og koma mögulega í maí og geta sinnt 6. Bekkja heimsóknum og þjálfun en myndu fara burt af landinu um miðjan september. Spurning hvort hægt sé að halda æfinga búðir ef hægt er að semja við þjálfara. Óskalisti fyrir bátakaup og fengum 800.000 kr.- frá hafnarfjarðarbæ fyrir bátakaup. Laser var keyptur árið 2023. Spurt er um hvort það eigi að hækka félagsgjöld. Fjölskyldugjald sé aðeins 10.000 á ári. Umræða í fyrra um að hækka félagsgjöld en fallist frá því að hækka fjölskyldugjaldið, þar sem fjölskyldugjaldið er ekki innifalið í sumarnámskeiðisgjöldum.

### 4.7.8. Lagabreytingar.

Engar tillögur til laga breytingar lagðar fram fyrir fund.

### 4.7.9. Aðrar tillögur sem liggja fyrir fundinum.

Engar tillögur.

### 4.7.10. Kosning stjórnar samkvæmt grein 2.4.

Núverandi frambjóðendur eru til kosningar. Sjálfkjörinn. Markús Pétursson, Formaður til eins árs. 2025 Helga Veronica Foldar, meðstjórnandi til tveggja ára. 2026 Freydis Björnsdóttir, meðstjórnandi til tveggja ára. 2026 Gabríel Arthúr Pétursson, Varamaður til eins árs. 2025 Þórhallur Sigurðsson, Varamaður til eins árs. 2025 Skoðunarmenn reikninga Petrína Soffía Eldjárn Hulda Stefanía Hólm Vara-Skoðunarmenn reikninga: Bjarki Þór Jónsson

### 4.7.11. Félagsgjald skal ákveðið.



# Fundargerð

## Aðalfundur Þyts 2023

Félagsgjald hefur verið óbreytt í 3 ár (2020-2023), Markús leggur fram tillögu um að félagsgjald sé óbreytt í 10.000 kr. Tillaga lögð fram um að hún sé hækkuð í 12.000 frá 10.000 kr.- Kosning um 12.000. Kr.- og samþykkt af félagsmönnum.

### **4.7.12. Kosnir skoðunarmenn og einn til vara, samkvæmt grein 2.5.**

Tillaga fyrir skoðunarmenn og varamaður samþykkt.

### **4.7.13. Kosnir fulltrúar á þing ÍBH og SÍL.**

Tillaga um að máli sé vísað til stjórnar. Samþykkt af félagsmönnum.

### **4.7.14. Önnur mál.**

Pétur vill brýna á að stjórn gæti hagsmuna þyts við Hafnarfjarðarbæi aðstöðumálum. Gabríel setur út á í skýrslu stjórnar með íhugað nýja staðsetningu, Þytur hefur ekki umboð með neinum eignum og Markús leggur fram um að Þytur þarf mikið pláss til þess að halda úti starfsemi Þyts. Ekki er búið að vinna í þeim möguleika um að Þytur gæti verið í núverandi aðstöðu. Aðstöðunefnd þarf að vinna í því hvernig starfið getur dafnað á Strandgötu 88 í stað fyrirhugaðar aðstöðu. Möguleiki á breytingu á húsi til að efla starfið, Til dæmis með búningsklefa. Vinna við nýjum hafnargafli sé alveg að fara á stað og Þytur er stærsti ráðgjafi Hafnarfjarðarbæjar í stækkun á hafnargarði. Spurt er hvort sé dagsetning sé kominn fram, en ekki er kominn dagsetning á verkið en haldið sé að fyrstu framkvæmdir byrja í vor mánuðum.

### **4.7.15. Fundarslit.**

Markús ávarpar hópinn um auglýsingu mála fyrir næsta ár. Jón Kristinn Þórsson boðar fundarslit og þakkar fyrir fundinn